



Skálavík

Skálavík

Skálavík var vestasta byggð í norður Ísafjarðarsýslu, skammt vestan við Bolungarvík. Víkin er stutt og breið og opin fyrir hafi og þar er brimasamt og erfið landing fyrir báta.

Núna er þar aðeins sumarhúsabyggð en áður fyrr bjuggu þar hátt í hundrað manns þegar mest var.

Jarðfræði

Dalir og firðir Vestfjarða mynduðust af framrás skriðjökla á jökulskeiði Ísaldarinnar. Er þegar skriðjöklnir hörfuðu í lok þess tímabils, skildu þeir eftir sig jökulruðning í botni dalanna, sem í er oft jökulnúið stórgrýti og mól ¹.

Berggrunnur umhverfis Bolungarvík hefur hlaðist upp á um 2 milljón árum fyrir 13-15 milljón árum. Hann samanstendur af 1200-1800 m þykkum hraunlagastaffla².

Skriðujarðvegur er algengasti jarðvegur á Vestfjörðum. Lítið er um móajarðveg nema helst á heiðum³. Talsvert jarðvegsrof er í hlíðunum vegna þess hve urðir eru brattar og jarðsil í grónum hlíðum⁴.



Sæð yfir Skálavík

Gróður

Gróðurfar í Skálavík einkennist af snjóðældagróðri í hlíðum, þ.e. mikið af burknum, grasvíði, grámmullu, fjallasmára, skollaberjum og fleiri blómplöntum. Á milli eru lyngtegundir s.s. krækilyng, bláberjalýng og aðalbláberjalýng, sem er ráðandi á stórum svæðum. Norðar í dalnum er meira gras-og myrlendi. Norðanvert í dalnum, næst sjó, hefur verið svæði verið ræst fram og ræktað.

Fuglar

Í Skálavík er dæmigert íslenskt mófuglalíf og er þúfutittingur er algengasti fuglinn þar. Í fjörinni var nokkurt kriuvarp en það hefur dalað og verið lítið síðan 2006. Út með núpunum við ströndina eru máfa og fýlavörp þar sem einhver eggjataka hefur verið í gegn um árin. Seinnipart júní og fram í júlí eru straumandarsteggir sjáanlegir í ósi Langár og þar hafa sést allt að 150 fuglar saman. Hægt er að komast í gott myndafæri þar og er þessi staður líklega einn af aðgengilegustu stöðum á Vestfjörðum til að komast í slíkt færi.



Straumendur í Skálavík © BP

Byggð

Árið 1710 þegar Páll Vídalín og Árni Magnússon skráðu jarðir í Skálvík voru byggðar allar jarðir sem skráðar eru í dag: Meiribakki, Meirahraun, Minnahraun, Breiðaból og Minnibakki.


Kroppstaðir voru farnir í eyði þá⁵ en eru komnir aftur í byggð árið 1910⁶.

Talið er að Breiðaból sé landnámsjörðin í Skálavík⁷ og flestum jörðunum hefur sennilega verið skipt út úr Breiðabólslandinu fyrir 1350.

Mannfjöldi

Í Skálavík var búið í aldir en frá 1700 - 1910 bjuggu að meðaltali 20 manns þar, en tölum fer ekki saman um fjölda. Aðeins bjuggu 12 manns í Skálavík árin 1703 og 1835, en mest árið 1910, eða 36 manns. Ekki ber heimildum saman um mannfjölda, en í lok árs 1909 er sagt í voru um 90 manns heimilisfastir í Skálavík⁸. En eftir það fækkar þeim stöðugt og um 1960 leggst byggðin af⁹.

Í Skálavík er mikið vetrarríki og snjóþungt og vegsamgöngur erfiðar og er það meðal annars ástæðan fyrir því að byggð lagðist þar af.



Fornleifar

Skálavík kemur fyrst fyrir í heimildum frá 14.öld. Fornleifar sem hafa fundist í Skálavík hafa verið skráðar, en þar eru miklar verminjar. Á korti 1 sjást fornleifar sem skráðar hafa verið. Þar er sýnt hvar bæjarhólar, fjárhús, kvíar, sel og stekkir stóðu ásamt því að mógrafir og túngarðar, sem vitað er um, eru staðsettir.

Í Skálavík réru bæði innansveitar- og utansveitarmenn. Nöfn á verbúðum benda til þess að bændur í Önundarfirði hafi haft verstöðu í Skálavík fyrir 1700. Þessar búðir eru nefndar Holtsmannaskáli og Mýramannabúð. Frá 1700 og fram á miðja 19. öld réru frá Skálavík eingöngu innansveitarmenn.

Upp úr 1850 og fram á 20. öld jókst útræði aftur frá Skálavík og byggðist lítið samfélag upp í kringum verstöðina í vikinni. Um 1920 er verstöðin komin í eyði¹⁰.

Skálvíkingar og þeir sem réru frá Skálavík notuðu sömu mið og Bolvíkingar. Útmið í Skálavík voru: Öskubakur, Innri Kambur, Skálargil, Ytri Kambur, Fannaskarð, Bakkaskarð, Bakkadalur, Sniðgata, Kroppstaðahorn. Öll þessi mið eru miðuð við ytri enda Stigahlíðar (Deild). Þeir nýttu sér jafnframt útmið Bolvíkinga, þar á meðal kví (hið fræga mið, sem Þuriður Sundafyllir setti). Mið þessi voru lóðamið Skálvíkinga og Bolvíkinga á áraskipatímabilinu¹¹.

Gönguleiðir um og frá Skálavík

Allnokkrar þekktar gönguleiðir eru um Skálavík og þær eru hér merktar með númerum í hring á kortunum.

Frá Skálavík til Keflavíkur, en um tvær leiðir er að ræða, yfir Bakkaskarð og þaðan yfir í Norðdal og um fjöruna. Leiðin yfir Bakkaskarð ① er ansi grýtt svo vissara er að fara með gát. Með því að fara fjöruna ② þarf að ganga upp á fyrstu grónu skriðuna og með henni og ganga alveg undir klettbergið, fara svo yfir ófæruna og lækka sig svo strax niður í fjöru eftir hana. Þessi leið er einnig mjög grýtt. Gott er að ganga fjöruna og fara fjallið til baka.


Frá Skálavík til Bolungarvíkur er um 12 km löng gönguleið um Skálavíkurheiðina ③. Einnig er hægt er að ganga Stigahlíðina til Bolungarvíkur eftir strandlengjunni ④).

Hægt er að ganga frá Skálavík í Selárdal í Súgandafirði ⑤ Gengið er upp frá Meirahrauni ⑥ og upp með Hraunsá og þaðan upp í Gönguskarð. Þegar komið er yfir skarðið er farið yfir Grárófu og niður í Selárdal. Sömu leið er hægt að ganga frá Skálavík til Tungudals, en þá er farið yfir gönguskarð, og beygt niður í Tungudalinn ⑦).

Hægt er að ganga frá Skálavík yfir á Norðureyri í Súgandafirði ⑧). Best er að fara frá Bakkadal og upp í Bakkaskarð og þaðan eftir fjallsbrúnum fram hjá Sunndal ofan Keflavíkur. Farið er niður við Norðureyrargil og niður Norðureyri.

Kroppstaðahraun

Ef gengið er upp Bakkadal og upp í Kroppstaðaskálinna ⑨ ber fyrir fallett hraunsvæði og grasi gróinn dalur. Dalsbotninn var




sleginn á árum áður og heyinu steipt niður Kroppstaðaána. Hraunsvæðið kallast Hraun ⑩ og þar er mjög fallett.



Kroppstaðafoss

Kroppstaðafoss er falletgur foss sem staðsettur er á klettasyllu í Kroppstaðaá. Hægt er að ganga að fossinum ef farið er yfir brú hjá Kroppstöðum ⑪ eða gengið frá sumarhúsi Meiri-bakka, ⑫ stiklað yfir Þverá og þaðan gengið að Kroppstaðafossi.




Skálavíkurfjara

Í Skálavík er falleg svört sandfjara þar sem oft á tíðum reka rekaviðardrumbar. Eins og fyrr var greint frá er gott fuglaskoðunarsvæði þar.

Bolafjall

Bolafjall er 634 metra hátt fjall fyrir ofan Hlíðardal í Bolungarvík. Á fjallinu er ein af fjórum ratsjárstöðum sem Ratsjárstofnun rak fyrir hönd varnaliðsins.



Ratsjárstöðin á Bolafjalli hóf rekstur 1992 en hefur nú verið lokað, en þar er starfrækt loftrýmisefirlit sem landhelgisgæslan sér um. Um fjallið liggur brattur vegur sem opinn er bílum í júlí og ágúst.

Uppi á fjallinu er stórbrotið útsýni yfir Ísafjardardjúp og norðanverða Vestfirði og sumir segja að stundum sjáist í strendur Grænlands í góðu veðri, en það eru þá hyllingar eða óskhyggja. Fjallið er mjög slétt og er hægt að ganga út að Deild ⑬). Einnig er hægt að ganga Stigahlíðina til Bolungarvíkur eftir strandlengjunni ①).

